



Stjórn SSH 414. fundur

Mánudaginn 13. apríl 2015, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur L. Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Ármann Kr. Ólafsson, Guðný Ívarsdóttir og Bryndís Haraldsdóttir.

Fjarverandi: Haraldur Sverrisson

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Málafni SORPU bs.

Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri Sorpu og Eyþóra Kristín Geirsdóttir sátu fundinn undir þessum dagskrárlið, og gerðu grein fyrir úrskurði kærunefndar útboðsmála frá 20. mars sl ; „Íslenska Gámafélagið ehf. og Metanorka ehf. gegn SORPA bs. og AIKAN A/S.

2. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2019

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi gögn:

- Minnisblað framkvæmdastjóra frá 27. febrúar 2015 vegna mótunar sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2019
- Yfirlit yfir mögulegt fjármagn til sóknaráætlunarverkefna 2015 – 2019 og tillaga að verkefnum á árinu 2015.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti fyrstu verkefni sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2019 á grundvelli ofangreindra gagna.

3. Skólamálanefnd SSH.

Fyrir lá tillaga að stofnun sérstakrar skólamálanefndar SSH, sem í sitji fræðslustjórar aðildarsveitarfélaganna.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti tillöguna og að Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri Skóla- og frímundasviðs Reykjavíkurborgar, verði formaður.

Framkvæmdastjóra SSH falið að boða til fyrsta fundar.

4. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar og næstu skref.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir lá að svæðisskipulagsnefnd lauk 10. apríl sl. vinnu sinni við yfirferð yfir umsagnir og athugasemdir vegna auglýstrar tillögu að nýju svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið. Tillagan verður því send aðildarsveitarfélögunum til staðfestingar og síðan til Skipulagsstofnunar að fenginni staðfestingu aðildarsveitarfélaganna. Stefnt er að því að öll sveitarfélögin hafi lokið afgreiðslu tillögunnar fyrir lok maímánaðar og að staðfestingarferli með afgreiðslu Skipulagsstofnunar og ráðherra ljúki í lok júnímánaðar.

Niðurstaða:



Stjórn SSH fagnar þessum áfanga og þakkar svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefnd góða vinnu við úrvinnslu og afgreiðslu.

5. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - Framtíðarsýn

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna framvindu í vinnu stýrihóps um undirbúning að mótun framtíðarsýnar fyrir rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Þar kemur m.a. fram að töf hefur orðið á vinnu hópsins vegna biðar eftir upplýsingum frá Vegagerðinni vegna Bláfjallavegar.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn leggur áherslu á að framvinda máls verði með þeim hætti að unnt verði að ljúka umfjöllun og ákvörðun um snjóframleiðslu og framtíðarrektur tímanlega vegna fjárhagsáætlana sveitarfélaganna fyrir árið 2016.

6. Önnur mál

- a) **Erindi bílastæðasjóðs – samræming á gjaldskrá vegna stöðubrota**
Framkvæmdastjóra falið að taka saman greinargerð um málið fyrir næsta stjórnarfund
- b) **Erindi frá Mosfellsbæ – höfnun á framlengingu á samstarfssamningi um sameiginlega bakvakt barnaverndar.**
Lagt fram
- c) **Erindi frá bæjarfulltrúa íbúasamtakanna í Mosfellsbæ – tillaga um breytingu á samþykktum SSH vegna áheyrnarfulltrúa í fulltrúaráði SSH**
Stjórn beinir því til bréfitara að málið heyrir undir aðalfund SSH.
- d) **Erindi bæjarstjóra Seltjarnarness vegna bráðabirgðaákvæðis í sveitarstjórnarlögum um samninga um samvinnu sveitarfélaga og /eða samninga við einkaaðila**
Framkvæmdastjóra falið að taka saman upplýsingar um málið fyrir næsta stjórnarfund

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:45